

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkeðinn 28. maí 2025 í máli nr. 74/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 9. júlí 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að viðgerðarþjónusta varnaraðila hafi verið ófullnægjandi og krefst þess að varnaraðili lækki seinni reikning sinn að fjárhæð 921.139 krónur. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili bæti henni útlagðan kostnað við leigu á bílakerru og vinnu við flutning bifreiðarinnar sem og vegna viðgerðar þriðja aðila og kaupa á varahlutum. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubræfi þann 10. júlí 2024 óskaði kærunefndin eftir því að sóknaraðili uppfærði kröfugerð sína í kvörtun og legði fram frekari gögn. Varð sóknaraðili við beiðni nefndarinnar með framlagningu gagna 27. ágúst 2024. Þann sama dag var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust 6. september 2024. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila bárust nefndinni 10. september 2024 og athugasemdir varnaraðila 19. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda beggja aðila, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, reikningar varnaraðila, dags. 31. janúar og 12. febrúar 2024, staðfesting á greiðslu reiknings, dags. 31. janúar 2024, yfirlit yfir prófun [...] á spíssum, dags. 26. febrúar 2024, reikningur [...], dags. 11. apríl 2024, yfirlýsing starfsmanns [...], álit [...] og reikningur vegna vinnu þess fyrirtækis, dags. 27. febrúar 2024, yfirlit úr ökutækjaskrá, reikningur [...] vegna leigu á kerru í mars 2024, reikningur [...], dags. 5. apríl 2024, álit [...] bifvélavirkjameistara, dags. 13. maí 2025 og athugasemdir varnaraðila við því, dags. 19. maí 2025.

Með bréfi, dags. 27. maí 2025 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að bifreið sóknaraðila bilaði skyndilega á ferð hennar um [...] í lok janúar 2024. Óskaði hún eftir þjónustu varnaraðila en hann er með starfsstöð á [...]. Eftir tölvuálestur á bifreiðinni kom í ljós að einn spíss var bilaður og skipti varnaraðili um hann. Við prófun á bifreiðinni í kjölfarið sýndi það sig að fleiri spíssar voru bilaðir og var ákveðið að skipta um þrjá til viðbótar. Sendi varnaraðili biluðu spíssana til fyrirtækisins [...] til prófunar sem framkvæmd var 26. febrúar 2024.

Bilunar varð aftur vart nokkrum dögum eftir viðgerðina og var bifreiðin flutt með kerru á starfsstöð varnaraðila til skoðunar. Í byrjun mars 2024 skipti varnaraðili aftur um spíssana í bifreiðinni auk þess að skipta út háþrýstidælu, tímareim og vatnsdælu að ósk sóknaraðila. Þegar sóknaraðili sótti bifreiðina til varnaraðila loguðu ýmis aðvörunarljós í mælaborði hennar í sambandi við stýrisbúnað og neyðaraðstoð. Óskaði varnaraðili þá eftir því að fyrirtækið [...] myndi framkvæma tölvaálestur á bifreiðinni. Samkvæmt þeirri bilanagreiningu var öryggistölva bifreiðarinnar biluð. Að sögn sóknaraðila hafi síðan fljótlega farið að bera á olíuleka og gangtruflunum í bifreiðinni og færði sóknaraðili bifreiðina til viðgerðar hjá verkstæðinu [...] í apríl 2024. Skipti það fyrirtæki um fjögur spíssarör og einn spíss. Varnaraðili gaf út tvo reikninga vegna þjónustu sinnar við viðgerð á bifreiðinni og kaupa á varahlutum. Annars vegar reikning, dags. 31. janúar 2024 að fjárhæð 243.879 krónur sem sóknaraðili greiddi 9. febrúar 2024. Hins vegar reikning að fjárhæð 921.139 krónur með gjalddaga 3. júlí 2024 sem ágreiningur aðila varðar.

Sóknaraðili telur að þjónustu varnaraðila við framkvæmd á viðgerð bifreiðar hennar hafi verið ábótavant. Vísar sóknaraðili meðal annars til þess að varnaraðili, sem fagaðili á sviði bifvéla viðgerða, hafi átt að vita að ef spíssar bifreiðar skemmast sé líklegt að orsök þess megi rekja til bilunar í háþrýstidælu. Virðist sóknaraðila sem varnaraðili hafi ekki yfirfarið þann íhlut bifreiðarinnar nægjanlega í upphaflegu viðgerðinni. Þá ber sóknaraðili því við að úrbætur varnaraðila hafi verið ófullnægjandi og hafi hún þurft að leita til annars viðgerðaraðila í kjölfarið. Telur sóknaraðili jafnframt að henni beri ekki að greiða fyrir þær úrbætur sem varnaraðili framkvæmdi í fyrri viðgerð sinni. Sóknaraðili gerir jafnframt athugasemdir við umkrafinn tímafjölda varnaraðila við þjónustuna. Vísar sóknaraðili um það til yfirlýsingu starfsmanns [...]. Telur sóknaraðili jafnframt að varnaraðila beri að greiða fyrir leigu á kerru og vinnu við flutning bifreiðarinnar sem og greiddan viðgerðarkostnað [...].

Varnaraðili bendir á við fyrri viðgerð sína á spíssum bifreiðarinnar voru háþrýstilagnir hennar skolaðar út en engin óhreinindi hafi verið þar að finna. Bifreiðin virkaði eðlilega í kjölfar viðgerðarinnar. Hafi varnaraðili ákveðið að senda spíssana til prófunar hjá [...]. Sú prófun leiddi í ljós að bakleki var á þeim öllum og þeir þar af leiðandi ekki í lagi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem varnaraðili fékk hjá fyrirtækinu væri möguleg ástæða þess sú að röngu eldsneyti hafi einhvern tíma verið dælt á bifreiðina. Þegar bifreiðin var tekin aftur til viðgerðar stuttu síðar hafi málmagnir fundist við hreinsun á háþrýstilögnunum. Hafi því háþrýstidælan verið yfirfarin og einnig fundist slíkar agnir í henni. Með samþykki sóknaraðila var skipt um háþrýstidælu í bifreiðinni. Þá hafi varnaraðili skipt aftur um spíssa. Að ósk sóknaraðila hafi einnig verið skipt um tímareim og vatnsdælu.

Varnaraðili bendir á að viðvörunarljós, sem lýstu í mælaborði bifreiðarinnar þegar sóknaraðili sótti bifreiðina eftir síðari viðgerðina, hafi tengst stýri bifreiðarinnar og neyðarkerfi. Að sögn varnaraðila átti hann ekki tölubúnað til að lesa af þessum búnaði bifreiðarinnar sem hafi verið læstur. Hafi bifreiðin því verið færð til fyrirtækisins [...] og þar komið í ljós að öryggistölva fyrir neyðarkerfi bifreiðarinnar væri biluð. Hafi varnaraðili fengið þær upplýsingar frá [...] að umrædd tölva ætti að endast líftíma bifreiðarinnar nema hún hafi orðið fyrir hnjaski eða tjóni. Engar upplýsingar um slíkt tjón hafi þó legið fyrir.

IV Lagaumhverfi

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þkpl. skal útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, ávallt byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skyld er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmunum neytanda fyrir augum.

Ákvæði 9. gr. laganna mæla fyrir þau tilvik þegar seld þjónusta telst gölluð. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. verður þjónusta, með tilliti til notagildis, að svara til þess sem seljandi hefur lofað eða er með réttu áskilið af neytanda. Meginreglan er sú að neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að seld þjónusta hafi verið haldin galla þegar áhættan af henni hefur flust yfir til neytandans. Þá ber neytandi jafnframt sönnunarbyrði fyrir fjárhæð sem af hlýst vegna slíks galla.

Í 11. gr. þkpl. er fjallað um úrbótaskyldu seljanda. Samkvæmt 12. gr. laganna er seljanda aðeins heimilt að krefja neytanda um greiðslu fyrir þjónustu sem honum hefði borið að greiða ef hún hefði í upphafi verið innt af hendi gallalaus.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. þkpl. á neytandi rétt á skaðabótum ef hann verður fyrir tjóni vegna gallaðrar þjónustu, nema seljandi sýnir fram á að gallinn verði ekki rakinn til vanrækslu hans.

V Niðurstaða

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila vegna bilunar í bifreið hennar í lok janúar 2024. Í kjölfar bilanagreiningar á bifreiðinni framkvæmdi varnaraðili viðgerð á henni í byrjun febrúar 2024 sem fólst í því að skipta um alls fjóra spíssa og skola út háþrýstilagnir. Bilunar varð aftur vart í bifreiðinni nokkrum dögum síðar og var hún flutt á starfsstöð varnaraðila með kerru. Við tölvaálestur á bifreiðinni kom í ljós bilun í sömu spíssum og skipt hafði verið um og við hreinsun á háþrýstilögnum komu í ljós málmagnir. Var háþrýstidæla bifreiðarinnar yfirfarin í kjölfarið en í henni voru einnig málmagnir. Í byrjun mars 2024 skipti varnaraðili út spíssunum fjórum fyrir nýja auk þess að skipta um háþrýstidælu, bakflæðirör, tímareim og vatnsdælu. Skömmu síðar fór að bera aftur á gangtruflunum sem og olíuleka í bifreiðinni og færði sóknaraðili hana þá til viðgerðar hjá bifvélaverkstæðinu [...] í apríl 2024. Samkvæmt yfirlýsingu þess fyrirtækis var skipt um fjögur spíssarör og einn spíss.

Varnaraðili gaf út tvo reikninga vegna þjónustu sinnar við viðgerðir á bifreiðinni og kaupa á varahlutum. Annars vegar reikning, dags. 31. janúar 2024, að fjárhæð 243.879 krónur sem sóknaraðili greiddi þann 9. febrúar 2024. Með reikningnum krafðist varnaraðili meðal annars greiðslu fyrir kaup á fjórum spíssum að fjárhæð alls 225.495 krónur. Hins vegar reikning að fjárhæð 921.139 krónur, með gjalddaga 3. júlí 2024, sem ágreiningur aðila varðar. Undir meðferð málsins upplýsti

sóknaraðili kæruneftndina um að hún sé reiðubúin að greiða fyrir vinnu og varahluti vegna fyrri viðgerðarinnar sem og háþrýstidælu, tímareim og vatnsdælu. Hún kveðst hins vegar ekki getað fallist á að greiða fyrir viðgerðina sem fólst í því að skipta aftur út fjórum spíssum og bakflæðisröri og vegna kaupa á þeim varahlutum enda telur hún að varnaraðili beri ábyrgð á því að upprunaleg viðgerð hans hafi ekki verið fullnægjandi. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði henni kostnað vegna leigu á kerru og vinnu við flutning hennar á starfsstöð varnaraðila í kjölfar fyrri viðgerðar auk umkrafins viðgerðarkostnaðar frá [...].

Líkt og að framan greinir framkvæmdi varnaraðili viðgerð á bifreiðinni í byrjun febrúar 2024 sem fólst aðallega í útskiptum á fjórum spíssum. Sóknaraðili varð vör við gangtruflanir í bifreiðinni nokkrum dögum síðar og við skoðun varnaraðila á henni í kjölfarið kom í ljós að háþrýstidæla bifreiðarinnar var biluð auk þess sem nauðsynlegt var að skipta aftur um spíssana. Þá liggur fyrir að nokkrum vikum síðar fór aftur að bera á gangtruflunum sem og olíuleka. Kaus sóknaraðili að færa bifreiðina í það sinn á bifvéla verkstæðið [...] þar sem framkvæmd var viðgerð sem fól í sér skipti á fjórum spíssarörum og einum spíss bifreiðarinnar.

Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl. verður þjónusta, með tilliti til notagildis, að svara til þess sem seljandi hefur lofað eða er með réttu áskilið af neytanda. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til laganna segir að ef árangur þjónustunnar verður ekki sá sem um var samið og það er ekki á ábyrgð neytanda er þjónustan gölluð.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing starfsmanns [...] vegna prófunar á upprunalegu spíssunum úr bifreiðinni. Þar segir m.a. eftirfarandi: „Þann 26.02.2024 komu dísel spíssar úr bifreiðinni [...] á díselverkstæði til prófunar. Niðurstaða þeirra prófunar sýndu að spíssarnir voru ekki í lagi, magn og bakleki voru komin langt yfir mörk samkvæmt prufuplani. Það er okkar mat að mikil óhreinindi í eldsneyti eða málmagnir úr háþrýstidælu eða að það hafi verið sett bensín á eldsneytistankinn sé líklegasta orsök fyrir því að spíssarnir fara svona...“

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa leitaði, með beiðni dags. 8. apríl 2025, álits sérfróðs aðila til aðstoðar við úrlausn þessa máls samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Með áliti sínu dags. 13. maí 2025 leitaðist sérfróði aðilinn við að svara spurningum nefndarinnar um bilun í bifreiðinni og þjónustu varnaraðila með hliðsjón af framlögðum gögnum. Einskorðast svör viðkomandi við sérfræðiþekkingu hans.

Að áliti sérfræðingsins er líklegasta orsök þess að bifreið sóknaraðila bilaði í janúar 2024 sú að röngu eldsneyti hafi verið dælt á hana. Bilanagreining varnaraðila í framlögðum gögnum gefi til kynna að háþrýstidælan hafi þar af leiðandi skemmst og rífið sig. Vísar sérfræðingurinn í þessu samhengi til þess að við blöndun á bensíni og díselolíu hverfi smureiginleikinn úr díselolíu en umfang tjóns af völdum þessa fari þó eftir hlutfalli þess bensíns sem sett hafi verið á bifreið. Aðspurður um hvort sú þjónusta sem varnaraðili veitti sóknaraðila við fyrstu viðgerð hafi verið eðlileg og fullnægjandi telur sérfræðingurinn svo ekki vera. Þá telur sérfræðingurinn að af gögnum máls verði ráðið að allir fjórir spíssarnir hefðu verið bilaðir þegar sóknaraðili óskaði fyrst eftir þjónustu varnaraðila þrátt fyrir að fyrsti tölvaálestur hafi aðeins greint bilun í einum spíss. Að mati sérfræðingsins hefði verið rétt í byrjun að varnaraðili kannaði orsök bilunarinnar í stað þess að fara í það að eiga strax við afleiðingar hennar með því að skipta út spíssunum. Aðspurður um hvort varnaraðili hefði getað komið í veg fyrir seinni bilun í bifreiðinni ef upprunalega viðgerðin hefði

verið fullnægjandi vísar sérfræðingurinn til þess að varnaraðili hefði mátt útiloka í fyrstu ýmis atriði við bilanagreiningu sína. Líkt og hvort svarfmyndun hafi verið í hráolúsíu þegar skipt var um hana auk þess að fullvissa sig um hvort rétt eldsneyti hafi verið sett á bifreiðina. Þá hafi varnaraðili einnig átt að útiloka að vatn hefði komist inn á eldsneytiskerfið sem og að yfirfara tímareimina.

Þann 13. maí 2025 var varnaraðila gefið færi á að koma á framfæri athugasemdum við álit sérfræðingsins. Bárust athugasemdir hans viku síðar en í þeim vísar varnaraðili til þess að svarf hafi ekki fundist í eldsneytissíu þegar bifreiðin hafi fyrst verið tekin til skoðunar. Við síðari viðgerð hafi svarf uppgötvast í síunni og því hafi eldsneytisrörin verið tekin frá og blásið úr þeim. Hafi málmagnir þá komið úr rörunum. Varnaraðili kveðst hafa upplýst sóknaraðila um þetta og sú viðgerð sem framkvæmd hafi verið í kjölfarið verið samþykkt af henni.

Með hliðsjón af framangreindu álit sérfræðingsins og því að varnaraðili hefur ekki lagt fram frekari gögn sem hnekkja því álitu telur kærunefndin að líta verði svo á að árangur upphaflegrar þjónustu varnaraðila hafi ekki verið sá sem samið var um. Einnig liggur fyrir í málinu að bifreiðin bilaði aftur aðeins nokkrum dögum eftir að sóknaraðili fékk bifreiðina afhenta frá varnaraðila og varðaði bilunin íhlut bifreiðarinnar tengdum spíssunum sem skipt hafði verið um. Ekki verður séð að varnaraðili hafi yfirfarið háþrýstidæluna með fullnægjandi hætti við upprunalegu viðgerðina. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem rennir stoðum undir að síðari bilun bifreiðarinnar sé á ábyrgð sóknaraðila. Er því fallist á að upphafleg viðgerð varnaraðila hafi verið haldin galla í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. þkpl.

Fjallað er um skyldu seljanda til úrbóta ef seld þjónusta er haldin galla. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. getur neytandi krafist þess að seljandi bæti úr göllum nema það valdi seljanda þjónustunnar óhæfilega miklum kostnaði eða verulegu óhagræði. Ef seljandi bætir úr galla á þjónustu er honum aðeins heimilt að krefja neytanda um þá greiðslu fyrir þjónustuna sem honum hefði borið að greiða ef þjónustan hefði í upphafi verið innt af hendi rétt og gallalaus, sbr. 1. mgr. 12. gr. þkpl.

Kærunefndin álitur að varnaraðila sé því ekki rétt að krefjast greiðslu að fjárhæð 921.139 krónur vegna þjónustu sinnar en áður hafði sóknaraðili greitt varnaraðila 243.879 krónur. Með umþrættum reikningi krafðist varnaraðili greiðslu fyrir vinnu tveggja starfsmanna við upphaflegu viðgerðina þann 7. febrúar 2024 í alls 16 klukkustundir að fjárhæð 223.840 krónur, vinnu eins starfsmanns dagana 5. og 6. mars 2024 í alls 12 klukkustundir að fjárhæð 167.872 krónur, 204.300 krónur fyrir háþrýstidælu, 35.948 krónur fyrir bakflæðisrör, 9.672 krónur fyrir flutning, 213.980 krónur fyrir spíssa, 59.995 krónur fyrir tímareimasett og vatnsdælu og 5.532 krónur fyrir ýmsa varahluti.

Af umþrættum reikningi verður ráðið að fleira var gert heldur en að bæta úr galla á þjónustunni enda liggur fyrir að skipt var um háþrýstidælu, tímareim og vatnsdælu að ósk sóknaraðila. Í beiðni kærunefndarinnar til hins sérfróða fagaðila var einnig óskað eftir mati hans á því hvað teldist eðlilegur tímafjöldi fyrir vinnu við útskipti á háþrýstidælu, tímareim, vatnsdælu og spíssum. Í svari sínu vísar sérfræðingurinn til þess að ef skipta þurfi um háþrýstidælu í bifreið þurfi einnig að skipta um tímareim þar sem háþrýstidælan sé knúin frá tímareim. Sé tímareim skipt út þurfi jafnframt að skipta um vatnsdælu. Álitur sérfræðingurinn að áætlaður tími við framangreind útskipti auk skipti á reim framan á mótör sé samtals 3,6 vinnustundir sem trúlega væri selt út á fjórum slíkum. Þá áætli hann að skipti á háþrýstidælu taki tvær vinnustundir. Sé spíssum skipt út taki það tvo tíma í vinnu.

Sé því eðlilegt að umkrafinn tímafjöldi við viðgerðina séu átta vinnustundir. Þá bendir sérfræðingurinn á að taka þurfi einnig tillit til vinnu við hreinsun á lögnum og eldsneytisgeymi sem og bilanagreiningu.

Í athugasemdum sínum við álit sérfræðingsins hvað þetta atriði varðar segist varnaraðili hafi sett sig í samband við [...], umboðsaðila framleiðanda bifreiðarinnar á Íslandi, og innt eftir kostnaði við sambærilega viðgerð og varnaraðili framkvæmdi ásamt kaupum á varahlutum. Að sögn varnaraðila sé uppgæfið verð viðkomandi á slíkri viðgerð um 1.400.000 krónur.

Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing starfsmanns [...] vegna viðgerðar sem framkvæmd var 11. apríl 2024 en þar segir eftirfarandi: „Bifreiðin [...] kom til okkar 11. apríl 2024 með mikinn olíuleka og gangtruflun. Mótor var þveginn og athugað hvar eldneytisolía læki. Reyndist leka með 2 spíssarörum. Skipt var um þau og eigandi reynsluók bifreiðinni. Hringdi aftur og sagði enn leka. Skipt var um 2 rör og 1 spíss vegna gangtruflunar sem svo virkaði. Mótor þveginn og reynsluekið. Kom aftur með leka sem kom aðeins undir álagi. Hertur þrýstiskynjari og einnig athugað með tímareim og dælu sem virtust nýjar. Uppgefinn tími á skipti á tímareim, vatnsdælu og spíssum er 9 klukkutímar en er venjulega tveimur til þremur klukkutímum meira á gömlum bíl“. Undir rekstri málsins var varnaraðila gefið tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum við framangreindra yfirlýsingu. Brást varnaraðili við því með eftirfarandi hætti: „...Samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum frá [...],..., eru spíssarörin vandmeðfarin og eru allt að því einota. Þegar bifreiðin fór frá okkur eftir prufuakstur var enginn leki á neinum rörum. Hver ástæðan er að spíssarörin fór að leka eftir viðgerð hjá okkur, gæti verið sú að þau hafi ekki þolað að vera að herða og losa þau eins og við þurfum að gera. Það álit [...] að þessi vinna ætti ekki að taka meira en 9 klst finnst okkur mjög naumt skammtað á notuðum bíl. Skipti á tímareim ásamt vatnsdælu erum við að áætla um 8 klst., ..., og skipta um spíssa getur verið frá 1 klst og upp í heilan dag og fer eftir því hve fastir spíssarnir eru. Þrif á lögnum fyrir eldsneytiskerfið tekur töluverðan tíma þar sem taka þarf lagnirnar af vélinni, taka skynjara af lögnunum, hreinsa þetta og setja saman aftur þannig að þetta verði þétt. Allt þetta þarf að þurrka áður en þetta er sett saman“.

Með vísan til alls framangreinds verður fallist á að sóknaraðili beri að greiða fyrir vinnu varnaraðila vegna framangreindra viðgerða sem metin er að álitum 14 klukkustundir. Þá verður fallist á það með sóknaraðila að henni beri ekki að greiða fyrir þá fjóra spíssa sem skipta þurfi aftur út við síðari viðgerð. Ber varnaraðila því að lækka umþrættan reikning sinn sem nemur kaupverði fjögurra spíssa að fjárhæð 213.980 krónur, flutning bifreiðar að fjárhæð 9.672 krónur sem og vinnu í 14 klukkustundir. Ber varnaraðila því að lækka reikning sinn um 419.512 krónur.

Sóknaraðili gerir einnig þá kröfu í málinu að varnaraðili bæti sér viðgerðarkostnað [...] í apríl 2024 sem og kostnað við leigu á kerru og flutning bifreiðarinnar til varnaraðila eftir að bifreiðin bilaði eftir upphaflegu viðgerðina. Verður litið á þá kröfu sóknaraðila sem kröfu um skaðabætur samkvæmt 15. gr. þkpl.

Engin gögn hafa verið lögð fram sem staðreyna ástand bifreiðarinnar eftir að varnaraðili greip til úrbóta, áður en sóknaraðili leitaði til [...] rúmum mánuði eftir síðari viðgerð varnaraðila. Þá skýra gögn málsins ekki hvort viðgerð [...] hafi falið í sér úrbætur á þjónustu varnaraðila eða hvort um frekari viðgerðir á eldsneytiskerfi bifreiðarinnar hafi verið að ræða, sem hefði þurft að framkvæma óháð galla á þjónustu varnaraðila í upphafi. Nefndin getur allt að einu ekki litið á kostnað vegna viðgerðar annars bifvéla verkstæðis sem sönnun fyrir því að úrbætur varnaraðila hafi

verið ófullnægjandi þegar nánari upplýsingar liggja ekki fyrir. Er nefndinni því ekki fært að fallast á kröfu sóknaraðila um greiðslu viðgerðarkostnaðar og varahlutakaupa [...]. Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir því að sóknaraðili legði fram staðfestingu á greiðslu reikninga vegna leigu á kerru og vinnu við flutning bifreiðarinnar en án árangurs. Með hliðsjón af framansögðu er nefndinni ekki fært að fallast á skaðabótakröfu sóknaraðila.

VI

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að lækka reikning sinn á hendur sóknaraðila, X, nr. 1662, dags. 12. febrúar 2024, um 419.512 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson